

Júní 2024



Hvatarblaðið

17. júní 2024
á Borg í Grímsnesi

Kl. 13.00 Skrúðganga frá bensinstöðinni á Borg að

félagsheimilinu.

Hátíðaræða

Ávarp fjallkonu

Skemmtiatriði - VÆB

Hoppukastali - Leiktæki



Grillaðar pylsur, popp og gos selt til styrktar

Blakdeildar Hvatar

80 ára afmælisbók ljósveldisins

Komum saman og höfum gaman

(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endlega munuð eftir þeim.)



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR




Fundargerðir 

Sveitarstjórn
568. fundur

Sveitarstjórn
569. fundur

Sveitarstjórn
570. fundur



Lóðir í Grímsnes- og Grafningshreppi - Borg í sveit



Á dögunum hóf sveitarfélagið að auglýsa lóðir í sveitarfélaginu. Í þessum fyrsta áfanga er um að ræða auglýsingar vegna sölu á byggingarétti á 11 athafnalóðum við Borgargil nr. 4-24. Lóðirnar liggja á svæði sem er skilgreint sem athafnasvæði AT2 í aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032, en svæðið er ætlað undir fjölbreytta atvinnustarfsemi svo sem léttan iðnað, áhaldahús og verkstæði.

Opnun tilboða fer fram föstudaginn 28. júní n.k. í Stjórnsýsluhúsinu Borg.

Í sumar fer sveitarfélagið svo í frekari úthlutanir en til stendur að fara af stað með hugmyndasamkeppni vegna lóða við Miðtún á Borg en þar er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustulóðum með blöndu af verslun, þjónustu og veitingarekstri ásamt hótellóð. Gert er ráð fyrir að á því svæði rísi hraðhleðslustöð með eldsneytissölu og smávöruverslun svo dæmi sé nefnt. Leitað verður eftir aðilum sem eru tilbúnir að taka þátt í viðræðum við sveitarfélagið um útfærslu og nýtingu lóðanna. Sveitarfélagið leggur áherslu á að semja við hæfan aðila sem kemur með hugmynd að nýtingu lóðar, sem er til þess fallin að styðja við mannlíf og menningu í sveitarfélaginu.

Eftir það verða íbúðahúsalóðir í fyrsta áfanga vestan við Borg auglýstar, en framkvæmdir við gatnagerð við Lækjartún og Borgartún eru í fullum gangi.

Sveitarstjórn hefur unnið ötullega að undirbúningi þessara verkefna með tilliti til skipulagsmála um árabíl og nú er komið að því að sú vinna verður meira áþreifanleg fyrir íbúa og aðra sem sækja svæðið okkar heim. Ætlunin er að vaxa á skynsamlegum nótum og því var ákveðið að áfangaskipta úthlutun lóða undir íbúðarhús og á athafnasvæði.

Áhugasamir geta kynnt sér málið betur á www.borgisveit.is

GRÍMSÆVINTÝRI

Borg 24. ágúst 2024



Grímsævintýri á Borg, 24. ágúst 2024

Fjölskylduhátíð, tombóla, markaður!

Í ár hefur verið ákveðið að færa Grímsævintýrin aftur um tvær vikur, til laugardagsins 24. ágúst, en undirbúningur er hafinn!

Ert þú með handverk eða framleiðslu
sem þú vilt selja eða koma á framfæri?

Endilega pantaðu þá borð á markaðnum í Íþróttamiðstöðinni Borg.

Lítið borð: 4.500kr. Stórt borð 5.500 kr.

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn
á netfangið grimsaevintyri@gmail.com

Hægt verður að fylgjast með viðburðinum á
Facebook-Grímsævintýri á Borg 2024



Fjölmenningsarsamfélag í Uppsveitum Árnessýslu

Taktu þátt og vertu hluti af spennandi verkefni sem sveitarfélögin í Uppsveitunum standa fyrir með það fyrir augum að styrkja samfélagið okkar og auka skilning á milli menningarheima.

Hvernig

1. Taktu þátt í könnun sem varða fjölmenningu í Uppsveitunum.
2. Taktu þátt í vinnustofum þar sem þú getur haft áhrif á framtíðarsýn.
[verður auglýst nánar síðar]
3. Taktu þátt í menningarhátíð sem haldin verður í lok verkefnis.

Notaðu QR kóðan til að svara könnuninni.

Eða farðu slóð

<https://forms.office.com/e/IGz50R8fMQ>



Multicultural Community in the Uppsveitir of Árnessýsla

Participate and be a part of an exciting project that municipalities in Uppsveitir are hosting with the aim of strengthening our community, increasing understanding between cultures.

How

- 1. Participate in a survey regarding multiculturalism in Uppsveitir.*
- 2. Take part in workshops where you can influence future perspectives. [more details will be announced later].*
- 3. Participate in the cultural festival that will be held at the end of the project.*



Use the QR code to answer the survey.

Or go to the link:

<https://forms.office.com/e/IGz50R8fMQ>

Frisbígolf og frískur hópur ungmenna

Margt hefur drifið á daga okkar starfsfólks Landsvirkjunar á Sogssvæði að undanfögnu og margt er í bígerð. Eins og undanfarin sumur gengur til liðs við okkur kraftmikill hópur ungs og efnilegs fólks sem blæs svo sannarlega lífi í starfsemina. Á meðal verkefna ungmennanna er að sjá um nýja frisbígolfvöllinn, sem við vonum að eigi eftir að slá í gegn.

Golfvöllinum breytt í frisbígolfvöll

Ákveðið hefur verið að breyta golfvöllinum í Soginu í frisbígolfvöll. Frisbígolf er skemmtileg íþrótt sem hefur notið aukinna vinsælda á Íslandi að undanfögnu. Íþróttin er stunduð með sérstökum frisbídiskum og er mjög aðgengileg fyrir breiðan aldurshóp.

Völlurinn verður mjög vel útbúinn með 18 holum, auk 9 holu upphitunarvallar sem er sérstaklega hentugur fyrir yngstu spilarana. Hægt er að spila frisbígolf allt árið um kring og verður völlurinn í Soginu opin og aðgengilegur allt árið.

Stefnt er að því að opna völlinn formlega upp úr miðjum júní, en þá verður tilvalið að koma með alla fjölskylduna, spila einn hring og skoða Orkusýninguna í Ljósafossi sem verður eins og undanfarin sumur opin alla daga frá klukkan 10-17. Opnunardagur verður auglýstur þegar nær dregur.



Útfallið við Írafoss

Nú á vormánuðum var unnið að viðhaldi við útfall Írafossstöðvar, þar sem vatnið sem stöðin nýtir rennur aftur út í Neðra-Sog eftir að hafa runnið um 650 metra löng göng undir gamla farveginn.

Viðhaldsverkefnið fólst í því að styrkja steiptan kant útfallsins og hreinsa upp og endurmóta bakka þess. Þannig er búið að gera aðkomuna öruggari og búa þannig um hnútana að kanturinn heldur áfram að gegna sínu hlutverki næstu áratugina.



Um útfallið rennur nær allt vatn sem fer niður Neðra-Sogið, en ekki er algengt að hleypa þurfi vatni fram hjá stöðinni. Það á helst við þegar lengri viðhaldsverkefni eru í gangi eða ef úrkoma hefur verið sérstaklega mikil á svæðinu. Verkefnið tókst mjög vel og var kanturinn í betra ástandi en fyrst var talið, en mikil áhersla var lögð á að ljúka verkinu áður en veiði í Neðra-Sogi hefst af krafti.

Ungmennin komin í hús

Hvert sumar fjölga hressilega í hópi starfsfólks á Sogssvæðinu. Við hefðbundinn fjölda bætast tæplega 40 ungmenni sem sinna ýmsum verkefnum. Þessi hópur kemur úr nærsamfélaginu, sveitunum í kring, Selfossi og Flóanum. Meðal þess sem þessi öflugir hópur sinnir er skógrækt, garðvinna og ýmis létt viðhaldsverkefni. Það munar svo sannarlega um þessar hendur þegar kemur að umhirðu svæðisins. Meðal skemmtilegra verkefna í sumar er að hugsa um nýja frísbíggjvöllinn. Auk þess bregður hópurinn á leik, heimsækir samstarfsfólk sitt í Búrfelli, tekur þátt í hópefli og fær fræðslu um skyndihjálp og öryggismál sem nýtist inn í framtíðina. Við þennan hóp bætast svo iðnnemar og háskólanemar, sem sinna fjölbreyttum verkefnum á sínu sviði yfir sumarmánuðina.



Samstarf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Landsvirkjun og Fjölbrautaskóli Suðurlands hafa samið um samstarf sem felur í sér að efla iðnkennslu og -nám í skólanum, sérstaklega rafvirkja- og vélvirkjanám. Samningurinn felur í sér fjárhagslegan stuðning frá Landsvirkjun til kaupa á tækjum fyrir raf- og vélvirkjabrautir skólans. Þessi stuðningur kemur að góðum notum enda er mikilvægt fyrir nemendur að hafa aðgang að nýjustu tækjum sem í boði eru hverju sinni.

Auk fjárhagslegs stuðnings mun Landsvirkjun bjóða nemendum í rafvirkja- og vélvirkjanámi í heimsókn í starfsstöðvar sínar og veita þeim tækifæri til að kynnst starfsemi fyrirtækisins. Þetta gefur nemendum tækifæri til að tengja nám sitt við raunverulegar aðstæður.

Þá mun Landsvirkjun einnig bjóða upp á starfsnám fyrir nemendur í sumar, en starfsnám er mikilvægur hluti þessara námsbrauta. Nemendur fá þar tækifæri til að beita þekkingu sinni og færni í raunverulegum verkefnum.

Samstarf Landsvirkjunar og Fjölbrautaskóla Suðurlands er spennandi skref í átt að eflingu iðnnáms og Landsvirkjun styður stolt við frekari uppbyggingu þess náms.



Jóna Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis skrifaði undir samstarfssamninginn ásamt Olgu Lisu Garðarsdóttur, skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Þrír styrkir úr samfélagssjóði til Suðurlands

Fyrsta úthlutun ársins úr samfélagssjóði fór fram á dögunum og runnu þrír styrkir til aðila á Suðurlandi, alls upp á eina milljón króna. Þá hlutu: Listasafn Árnesinga, Góðir dagar ehf. (vegna endurvinnslu á rúlluneti) og Þingborg (vegna Ullarvíku). Í desembermánuði runnu styrkir til nemendafélagsins Mímis í Menntaskólanum á Laugarvatni og hjálparveitarinnar Tintron.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 31. júlí, en um sjóðinn má lesa á vef Landsvirkjunar: landsvirkjun.is/samfelagssjodur

Landsvirkjun gefur reglulega út fréttabréf í tölvupósti. Áhugasamir geta skráð sig á póstlista og fengið þau send þegar þau koma út. Skráningarform má finna á slóðinni landsvirkjun.is/postlisti

Multiculturalism in Uppsveitir Árnassýsla

Join us in a project that promotes the inclusion of all residents, regardless of origin.

Workshops in June:

- 12th of June – Community Center in Flúðir - Hrunamannahreppur - At - 6 pm – 8 pm
- 19th of June – Community Center in Borg - Grímsnes- og Grafningshreppur - At - 6 pm – 8 pm
- 20th of June – Community Center Aratunga - Bláskógabyggð - At - 6 pm – 8 pm

(Each workshop is a standalone event)

Please answer the survey: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fMQ>

Together we make the community better!

Fjölmenning í Uppsveitum Árnassýslu

Komdu og taktu þátt í verkefni sem stuðlar að inngildingu allra íbúa, óháð uppruna.

Vinnustofur í júní:

- 12. júní – Félagsheimilið á Flúðum í Hrunamannahreppi kl. 18-20
 - 19. júní – Félagsheimilið á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi kl. 18-20
 - 20. júní – Félagsheimilið Aratungu í Bláskógabyggð kl. 18-20
- (Hver vinnustofa er sjálfstæður viðburður)

Vinsamlegast svarið könnuninni: <https://forms.office.com/e/1Gz50R8fMQ>

Saman gerum við samfélagið betra!



BLÁSKÓGABYGGÐ



Hrunamannahreppur



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Skeiða- og
Gnúpverjahreppur

GÖNGUM SAMAN 60+

Gengið í Þrastaskógi

Þriðjudaginn 18. júní

Hittumst við Þrastalundu kl. 14:00.
Hægt að kaupa sér kaffi í Þrastalundi eftir gönguna.

Öll velkomin í léttu hreyfingu og góðan félagsskap.

Ekki er nauðsynlegt að skrá sig en gæti verið gott að vera með göngustafi og vatnsbrúsa.



Sundnámskeið

Sundnámskeið Hvatar verður 18. - 28. júní.
Námskeiðið er á morgnana og fjöldi hópa
fer eftir fjölda þátttakenda.

Skráning á umfhvot@gmail.com til 14. júní.

Kennari er Guðrún Ása

Verð: 15.000 kr.





Hrafnkell Sigurðsson
Loftnet
Aerials

Sigga Björg & Mikael Lind
Hamflettur
Skinings

$\frac{1}{3} \mid \frac{2}{4}$

Kristinn Már Pálmason
Kaþarsis

Erla S. Haraldsdóttir
Draumur móður minnar
My Mother's Dream



www listasafnarnesinga.is
Austurmörk 21
810 Hveragerði



Ókeypis
aðgangur
Free entry



Grastorf til sölu

AFHENDIST Á HJÁLMSSTÖÐUM Í RÚLLUM
SEM ERU 10 - 20 FM AÐ STÆRÐ.
VERÐ 650 KR.FM. + VSK.



DANIEL PÁLSSON, 868-3037, HJÁLMSSTÖÐUM



JÞ Verk Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM

Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

JÞ Verk



Menningarveisla SÓLHEIMA



Sólheimar_hreindís 2024

 flipbookpdf.net

ÚTSKRIFTARGJÖF 

UGLAN LUKKA MERKIR VISKU



VERÐ 8.900 KR.

 **SÓLHEIMAR**
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Ugla Lukka er viskan í allri sinni dýrð og er
nýtt höfundarverk Kristjáns Atla Sævarssonar.

Verð aðeins 8.900 kr.

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI
GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU Í
JÚNÍ - JÚLÍ TIL OG MEÐ
18. ÁGÚST

ALLA DAGA

10:00 TIL 18:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00





Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í júní:

Mánudag	3. júní - 14:00 til 16:00
Miðvikudag	5. júní - 14:00 til 16:00
Mánudag	10. júní - 14:00 til 16:00
Miðvikudag	12. júní - 14:00 til 16:00

Kvöldopnun í júní:

Þriðjudag 11. júní kl. 19:30 – 21:30 Handverkskvöld

Lokað vegna sumarleyfis frá 13. júní til 8. ágúst.



Dagatal

Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

1. júní	Kosningakaffi
4. júní	Vorgleði í Mörkinni
17. júní	Fjallkonan
12. júní	Undirbúningur fyrir Grímsævintýri
22./23. ágúst	Vinnudagar fyrir Grímsævintýri
24. ágúst	Grímsævintýri
5. septemb.	Haustfundur
Sept/okt.	Gleði með uppsveitafélögunum
11.-13. októb.	Landsþing KÍ á Ísafirði og í Hnífsdal
1. nóvember	Grímuball
Nóvember	Jólabíngó
Nóv./des.	Jólafundur




Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN



Borg



sumaropnun

Mánudaga - fimmtudaga kl. 10:00 - 21:30

Föstudaga - Laugardaga – Sunnudaga kl. 10 -18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun



Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞÓRLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>